

að stjórnarráðið hefir skrifað stiptamtanni um þetta<sup>1)</sup>, og lagt drög fyrir, að þessir 100 rd. verði útborgaðir yður úr ríkisfélirlzlunni hér í borginni.

1870.  
14. marz.

## 29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um dýralækni.

14. marz.

Dýralæknir Snorri Jónsson, sem með styrk frá stjórnarráðinu og af jafnaðarsjóði norður- og austur-umdæmisins hefir stundað dýralækningafræði við dýralækna- og landbúnaðarskólann í Kaupmannahöfn og tekið dýralæknaþróf þar í vetur, hefir sent hingað bænarskrá, og sókt um að verða sendur til suðurumdæmisins, til þess að rannsaka fjársýki þá, er þar gekk yfir í fyrra, eða, ef ekki þætti vera nauðsyn til þess, að sér verði veittur styrkur til þess að fara heim til Íslands og bjóða sig fram við stiptamtann.

Útaf þessu skal yður, herra stiptamtmaður, til vitundar gefið, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað sækjandanum, eins og sjá má af eptirriti því, sem með fylgir, og sendir yður jafnframt eptirrit af vitnisburði þeim, er yfirdýralæknir, etazráð Tscherning, hefir gefið honum, en verður að öllu leyti að láta það vera á sjálfs yðar valdi, hvort yður þykir vera nauðsyn til að hafa not af kunnáttu dýralæknisins.

## 30. Lög um fjarveiting til bráðabirgða á fjarhagsarinu 1870—71.

29. marz.

Vér Kristján hinn Niundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki voru:

<sup>1)</sup> Sjá næsta bréf.